

Alþingi
Erindi nr. P 131/415
komudagur 3.12.2004



LSR

LÍFEYRISJÓÐUR
STARFSMANNA RÍKISINS

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, 299. þingmál.


Vísað er til bréfs frá Alþingi, dags. 23. nóvember 2004, þar sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um frumvarp til breytinga á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, 299. þingmál.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur yfirfarið efni frumvarpsins og vill, nefndinni til upplýsingar, vekja athygli á einu atriði sem varðar 1. gr. frumvarpsins og lýtur að breyttu fyrirkomulagi við tilnefningu stjórnarmanna í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu tilnefnir LSR nú einn af sjö stjórnarmönnum sjóðsins. Ákvörðun um tilnefningu hefur verið tekin af stjórn LSR, sem er eins og kunnugt er skipuð átta mönnum, þar af fjórum tilnefndum af fjármálaráðherra, tveimur skipuðum af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einum af stjórn Bandalags háskólamanna og einum af stjórn Kennarasambands Íslands. Við ákvörðun um tilnefningu stjórnarmanns, í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, hefur stjórn LSR ávallt byggt á tillögu fulltrúa launamanna í stjórn LSR. Það má því líta svo á að þeir stjórnarmenn sem LSR hefur tilnefnt til setu í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda hafi í raun verið fulltrúar opinberra starfsmanna í stjórn sjóðsins.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins veitir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fúslega frekari upplýsingar ef eftir þeim verður leitað.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins


Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri